

## **Drög að reglum um úthlutanir styrkja til félaga og kóra innan héraðs.**

1. Félög og kórar í sveitarfélaginu fá styrk í formi niðurfelldrar húsaleigu við notkun fundaraðstöðu og samkomuhalds í húsum í eigu sveitarfélagsins. Ef ekki er um tekjuberandi samkomur að ræða. Húsaleiga verður ekki felld niður ef innheimtur er aðgangseyrir að samkomum félaga eða kóra nema fyrir liggja að staðfesting á að aðgangseyrir renni til líknarmála.
2. Þau félög og kórar sem um er að ræða eru: Ungmennafélag Gnúpverja, Ungmennafélag Skeiða, Kvenfélaga Gnúpverja, Kvenfélag Skeiða, Vörðukórinn, Kirkjukór Stóra-Núpskirkju, Kirkjukór Ólafsvallakirkju, Karlakór Hreppamanna Hestamannafélagið Smári og Lionsklúbburinn Dynkur. Auk félags aldraðra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
3. Nokkuð er um að sveitarfélagið hafi greitt ofangreindum félögum og kórum peningastyrki. Í fjárhagsáætlun er hverju sinni er gert ráð fyrir styrkjum af því tagi. Skilyrði fyrir veitingu slíkra styrkja er að viðkomandi félög eða kórar leggi inn umsókn af því tilefni og skýrslu um starf inni þeirra á hverjum tíma.
4. Kvenfélög í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fái afnot án endurgjalds af félagsheimilum sveitarfélagsins til að halda erfidrykkju.

Drög að reglum um styrki til almennra félaga og samtaka.

5. Um er að ræða góðgerðarfélög, samtök sjúklinga hverskonar, íþróttafélög, nemendafélög og menningartengd félög á Íslandi
6. Í fjárhagsáætlun hvers árs skal ákveða tiltekna heildarfjárhæð til styrkveitinga til félaga og samtaka sem að ofan greinir.
7. Hafa skal til hliðsjónar að veiting styrks verði nærsamfélagi og eða þjóðinni allri til heilla. Sé það talið líklegt að styrkurinn leiði til bættra lífskjara eða eflingar á menningu.
8. Sveitarstjóra er framseld heimild til að samþykkja einstaka styrki samkvæmt ofangreindu allt að fjárhæð 15.000 kr. Styrkfjárhæð umfram á fjárhæð skal leggja til afgreiðslu í sveitarstjórn.
9. Styrkjum verður úthlutað 20 dag annan hvern mánuð. Fyrst 20 desember 2018.